

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 118/2011****2011/EES/70/08****frá 21. október 2011****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2011 frá 30. september 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/17/EB frá 29. október 2009 um samþykkt grunnbreyta fyrir skrár yfir ökuskírteini lestarstjóra og viðbótarskírteini sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 42g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„42ga. **32010 D 0017**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/17/EB frá 29. október 2009 um samþykkt grunnbreyta fyrir skrár yfir ökuskírteini lestarstjóra og viðbótarskírteini sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB (Stjtið. ESB L 8, 13.1.2010, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/17/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. október 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 318, 1.12.2011, bls. 42, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 65, 1.12.2011, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 8, 13.1.2010, bls. 17.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.